

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 91/2008

frá 4. júlí 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 207/2008 frá 5. mars 2008 um samþykkt forskrifta fyrir sérstaka einingu fyrir árið 2009 um komu ungs fólks inn á vinnumarkaðinn sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 212/2008 frá 7. mars 2008 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 um hagreikninga landbúnaðarins í Bandalaginu ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18ak (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 102/2007):

„18al. **32008 R 0207:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 207/2008 frá 5. mars 2008 um samþykkt forskrifta fyrir sérstaka einingu fyrir árið 2009 um komu ungs fólks inn á vinnumarkaðinn sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (Stjtið. ESB L 62, 6.3.2008, bls. 4).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 24c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004):

„– **32008 R 0212:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 212/2008 frá 7. mars 2008 (Stjtið. ESB L 65, 8.3.2008, bls. 5).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 39, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 62, 6.3.2008, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 65, 8.3.2008, bls. 5.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 207/2008 og 212/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.